



FARMANNA- OG FISKIMANNASAMBAND ÍSLANDS

Grensásvegi 13 - 108 Reykjavík - Sími 520 1281 - Fax 520 1289

FFSÍ

Alþingi

Erindi nr. P 138/1162

komudagur 9.3.2010

**Nefndasvið Alþingis,
Sjávarútvegs og landbúnaðarnefnd,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.**

Reykjavík. 4. mars 2010

Efni: Frumvarp til laga um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116 / 2006 með síðari breytingum (Strandveiðar) Þskj. 667 – 370. mál.

Árið 1984 var afli smábáta milli 3 – 4 þúsund tonn. Fiskveiðiárið 2009 var afli smábáta 73.421 tonn. Smábátar eru í raun ekki lengur smábátar þar sem nýjum og öflugum "smá hraðfiskibátum" með aðalvélar sem duga myndu í ísfisktogara, hefur fjölgað með ótrúlegum hraða, svo líkja má helst við þegar skuttogurum var í den tid plantað á hvert krummaskuð. Þessi gríðarlega aukning á sér stað á sama tíma og dregið er úr leyfðu heildaraflamagni. Endalausar kröfur af hálfu forsvarsmanna samtaka smábátaeigenda hafa í gegn um tíðina fallið í frjóan jarðveg í pólitíkinni og virðist sem endalaust eigi að þúkka undir skutinn á þessum aðilum á kostnað annarra fiskimanna sem bera æ skarðari hlut frá borði. Ekki er annað að sjá en að íslenskir stjórnámálemenn geri sér enga grein fyrir hvar Ísland er staðsett á jarðkringlunni og að fiskimiðin kring um Ísland séu með þeim erfiðari í veröldinni til sjósóknar. Miðin verða hvorki nýtt af skynsemi né hagkvæmni, ef með stjórnvaldsákvörðunum á endalaust að þrengja kost atvinnufiskimanna. Sem dæmi um afleiðingar þessa fyrirhugaða gjörnings má taka, að ef þeim 6000 tonnum sem dreifa á út um allar koppagrundir hefði verið úthlutað með sama hætti og öðrum heimildum þá hefði u.þ.b. 1000 tonnum meiri kvóti komið í hlut gamalgróinna útgerðar og fiskvinnslu fyrirtækja við Eyjafjörð sem þýðir að unnið yrði úr 80 tonnum af úrvalshráefni á dag í hálfan mánuð. Beinn launamissir minna umbjóðenda þ.e.a.s togarasjómannanna sem sækja myndu þennan afla gæti verið u.þ.b. 100 miljónir kr. Nú er mál að linni þessari aðför að þeim sem sjóinn sækja árið um kring við erfiðar aðstæður til þess að tryggja stöðugt aðstreymi góðs hráefnis til vinnslunnar, en það er af öllum sem til þekkja grundvallar-forsenda langtímaviðskipta með sjávarafurðir.

Virðingarfyllst,
F.h. Farmanna og Fiskimannasambands Íslands

Árni Bjarnason